

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar ráðsins nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

- a. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 1. maí 2010.
- b. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 21/2004 að því er varðar dagsetningu innleiðingar á rafrænni auðkenningu sauðfjár og geita. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 1. maí 2010.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/2008 um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar aðferðir til auðkenningar á dýrum og efni flutningsskýrslna. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 11. nóvember 2010.
- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 759/2009 um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 11. nóvember 2010.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2007 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, frá 5. febrúar 2010, bls. 305. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/2008 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, frá 27. janúar 2011, bls. 121. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 759/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, frá 27. janúar 2011, bls. 293.

3. gr.

Tilvísanir í gerðum sem tilgreindar eru í 1. gr. er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) 21/2004 er heimilt að nota eitt auðkennismerki í stað tveggja fyrir sauðfé og geitur sem skylt er að merkja. Þó skal síðara auðkenni skv. ákvæðum reglugerðarinnar bætt við sé gripurinn seldur til lífs milli býla.

Hafi verið tekin ákvörðun um skyldu til að auðkenna sauðfé eða geitur á rafrænan hátt gilda sömu reglur um fjölda auðkenna fyrir hvern grip.

5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Bráðabirgðaákvæði.

Ekki er krafist endurmerkingar á nautgripum sem eru fæddir fyrir gildistöku reglugerðar þessarar sem skráðir eru í kynbótaskýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands og er einstaklingsmerktir á fullnægjandi hátt. Ef slíkt merki týnist úr grip skal hann þó merktur skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 21/2004**

frá 17. desember 2003

um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽³⁾ segir að auðkenna verði dýr, sem stunda á viðskipti með innan Bandalagsins, samkvæmt reglum Bandalagsins og skrá þannig að unnt sé að rekja þau til bújarðarinnar, miðstöðvarinnar eða fyrirtækisins þaðan sem þau eru upprunnin eða þar sem þau hafa farið í gegn við umflutning. Þessi auðkenningar- og skráningarkerfi skuli einnig ná til flutninga á dýrum innan yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis eigi síðar en 1. janúar 1993.
- 2) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðisefirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽⁴⁾ skal auðkenning og skrásetning, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, fara fram að loknu heilbrigðisefirliti dýralæknis nema þegar um er að ræða dýr til slátrunar og skráð dýr af hestaætt.
- 3) Settar voru reglur um auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í tilskipun 92/102/EBE ⁽⁵⁾. Að því er varðar sauðfé og geitur hefur reynslan, og einkum gin- og klaufaveikikreppan, sýnt að framkvæmd tilskipunar 92/102/EBE hefur ekki tekist sem skyldi og þörf er á að bæta hana. Því er brýnt að setja strangari og sérstækari reglur eins og þegar hefur verið gert með tilliti til nautgripa í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá

17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa ⁽⁶⁾.

- 4) Eins og löggjöf Bandalagsins er háttáð og einkum reglugerð (EB) nr. 1760/2000 vísa hugtökin umsjónarmaður og bújörð, eins og þau eru almennt notuð, hvorki til dýralæknaþjónustu né dýralæknastofa. Nauðsynlegt er að skilgreina nánar merkingarsvið þessara hugtaka til að löggjöfin verði skýrari.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 92/102/EBE til að þar komi skýrt fram að nautgripir séu þegar undanskildir gildissviði hennar og til að undanskilja einnig sauðfé og geitur.
- 6) Einnig ber að breyta tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ⁽⁷⁾ til að uppfæra tilvísanir í henni til ákvæða í löggjöf Bandalagsins um auðkenningu dýra af viðkomandi tegund.
- 7) Árið 1988 ýtti framkvæmdastjórnin úr vör umfangsmiklu verkefni um rafræna auðkenningu dýra (IDEA) og var lokaskýrslu skilað 30. apríl 2002. Verkefnið leiddi í ljós að hægt væri að bæta auðkenningarkerfi fyrir sauðfé og geitur til muna með því að nota rafræn auðkenni, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um hliðarráðstafanir.
- 8) Þróun nauðsynlegrar tækni til rafrænnar auðkenningar sauðfjár og geita er komin á það stig að hægt er að taka tæknina í notkun. Á meðan beðið er eftir þeim framkvæmdarráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að innleiða rafrænt auðkenningarkerfi á tilhlýðilegan hátt alls staðar í Bandalaginu ætti að vera unnt að auðkenna hvert dýr fyrir sig og fæðingarbújörð þess með skilvirku auðkenningar- og skráningarkerfi sem gerir kleift að taka tillit til væntanlegrar framþróunar á sviði rafrænnar auðkenningar og framkvæmdar hennar á Bandalagsgrundvelli.

⁽¹⁾ Álitum var skilað 17. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 208, 3.9.2003, bls. 32.

⁽³⁾ Stjótið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/33/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjótið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14).

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB (Stjótið. EB L 16, 22.1.1996, bls. 3).

⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 32. Tilskipuninni var síðast breytt með lögum um aðild frá 1994.

⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjótið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1226/2002 (Stjótið. EB L 179, 9.7.2002, bls. 13).

- 9) Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir ráðið um hugsanlega notkun rafræna auðkenningarkerfisins á Bandalagsgrundvelli ásamt nauðsynlegum tillögum til að taka tillit til væntanlegrar framþróunar á sviði rafrænnar auðkenningar sauðfjár og geita og einkum til reynslunnar af framkvæmdinni.
- 10) Framkvæmdastjórnin skal einnig, einkum með hlidsjón af starfi sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar sinnar, leggja fram ítarlegar tæknileiðbeiningar, skilgreiningar og verklagsreglur er varða eftirfarandi atriði: tæknilýsingar fyrir kennimerki og aflestrartæki, prófunaraðferðir, samþykktarviðmiðanir og vottunarlíkön fyrir samþykktar prófunarstofur, útvegum viðeigandi kennimerkja og aflestrartækja, notkun kennimerkjanna og álestur og endurheimt þeirra, skráningarkerfi fyrir kennimerkin, sameiginlegt orðasafn, gagnalýsingasafn og samskiptastaðla.
- 11) Í aðildarríkjum, þar sem sauðfjár- eða geitastofninn er tiltölulega litill, er ef til vill ekki ástæða til að taka upp rafrænt auðkenningarkerfi og því er ráðlegt að leyfa þessum aðildarríkjum að gera kerfið valkvætt. Einnig skal kveða á um flýtimeðferð til að aðlaga viðmiðunarmörkin fyrir stofnstærð þannig að sé stofnstærð undir þeim megi gera rafræna auðkenningu valkvæða.
- 12) Svo að unnt sé að rekja flutninga á sauðfé og geitum skal auðkenna dýrin á tilhlýðilegan hátt og skal vera unnt að rekja alla flutninga á þeim.
- 13) Umsjónarmenn dýra verða að hafa uppfærðar upplýsingar um dýrin á bújörðum sínum. Tilskilðar lágmarksupplýsingar skulu ákveðnar á Bandalagsgrundvelli.
- 14) Hvert aðildarríki skal koma sér upp miðlægrri skrá sem inniheldur uppfærða skrá yfir alla umsjónarmenn dýra, sem heyra undir þessa reglugerð og sinna þessari starfsemi á svæði þess, og lágmarksupplýsingar sem mælt er fyrir um á Bandalagsgrundvelli.
- 15) Til að unnt verði að rekja feril dýra fljótt og örugglega skal hvert aðildarríki stofna tölvugagnagrunn þar sem allar bújarðir á yfirráðasvæði þess og flutningar á dýrum verða skráð.
- 16) Ákvarða skal á Bandalagsgrundvelli hvernig auðkennismerkin skuli vera.
- 17) Þeir sem stunda viðskipti með dýr skulu halda skrár yfir viðskipti sín og skal lögbæra yfirvaldið hafa aðgang að þessum skrárum að beiðni þess.
- 18) Kveða þarf á um hröð og örugg skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna, að því er varðar auðkennismerkin og tilheyrandi skjöl, til að tryggja að þessari reglugerð verði beitt á réttan hátt. Bandalagsákvæði þar að lútandi voru samþykkt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga¹⁾ og með tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt²⁾.
- 19) Til að tryggja áreiðanleika þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í þessari reglugerð verða aðildarríkin að gera viðeigandi og fullnægjandi eftirlitsráðstafanir, sbr. þó reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. mars 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna³⁾.
- 20) Til að unnt verði að taka mið af því kerfi, sem er komið á með þessari reglugerð, við veitingu tiltekinna aðstoðar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1782/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur⁴⁾, ber að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.
- 21) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁵⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

¹⁾ Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1.²⁾ Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34.³⁾ Stjtið. EB L 312, 23.12.1995, bls. 23.⁴⁾ Stjtið. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1.⁵⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um að hugsanlega verði settar Bandalagsreglur til að útrýma sjúkdómum eða koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og með fyrirvara um tilskipun 91/496/EBE og reglugerð (EB) nr. 1782/2003.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „dýr“: sauðfé eða geitur,
- b) „bújörð“: starfsstöð, bygging eða, þar sem dýr ganga frjáls í högum, umhverfi þar sem dýr eru haldin, alin eða meðhöndluð til frambúðar eða tímabundið en þó ekki dýralæknahjónusta eða dýralæknastofur,
- c) „umsjónarmaður“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á dýrum, einnig tímabundið, en þó ekki dýralæknahjónusta eða dýralæknastofur,
- d) „lögbært yfirvald“: stjórnvald eða yfirvöld aðildarríkis sem bera ábyrgð á eða er falið heilbrigðiseftirlit dýralæknis og framkvæmd þessarar reglugerðar eða, þegar um er að ræða eftirlit með styrkjum, yfirvald sem er falið að framkvæma ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1782/2003,
- e) „viðskipti innan Bandalagsins“: viðskipti eins og þau eru skilgreind í 6. mgr. 2. gr. í tilskipun 91/68/EBE⁽¹⁾.

3. gr.

1. Kerfið fyrir auðkenningu og skráningu dýra skal ná yfir eftirfarandi atriði:

- a) auðkennismerki til að auðkenna hvert dýr,
- b) uppfærðar skrár sem eru færðar á hverri bújörð,
- c) flutningsskjöl,
- d) miðlæga skrá eða tölvugagnagrunn.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki skulu hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þessi reglugerð tekur til. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta, þ.m.t. samtök neytenda sem aðildarríkin viðurkenna, hafi aðgang að þessum upplýsingum, að því tilskildu að fullnægt sé kröfum um gagnavernd og þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í innlendum lögum.

4. gr.

1. Öll dýr á bújörð, sem eru fædd eftir 9. júlí 2005, skulu auðkennd í samræmi við 2. mgr. innan frests, sem viðkomandi aðildarríki ákveður, og hefst þegar dýrið fæðist eða a.m.k. áður en dýrið er flutt frá fæðingarbújörðinni. Þessi frestur skal ekki vera lengri en sex mánuðir.

Aðildarríkjnum er þó heimilt, með undanþágu, að framlengja frestinn, sem þó má ekki vera lengri en níu mánuðir, fyrir dýr í dreifbúskap eða dýr sem ganga frjáls í högum. Viðkomandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um undanþáguna sem veitt er. Ef þörf krefur er heimilt að mæla fyrir um framkvæmdarreglur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

2. a) dýrin skulu auðkennd með fyrsta auðkennismerkinu, sem skal vera í samræmi við kröfurnar í liðum A.1 til A.3 í viðaukanum og
 - b) með öðru auðkennismerkinu, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt og er í samræmi við tæknilysingarnar í lið A.4 í viðaukanum,
 - c) þó má nota kerfið samkvæmt lið A.5 í viðaukanum í stað annars auðkenniskerfisins fram til dagsins sem um getur í 3. mgr. 9. gr. nema þegar um er að ræða dýr sem stunduð eru viðskipti með innan Bandalagsins,
 - d) aðildarríki, sem innleiða kerfið sem um getur í c-lið, skulu sækja um samþykki fyrir því til framkvæmdastjórnarinnar innan ramma málsmeðferðar sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr. Framkvæmdastjórnin skal, í þessu skyni, rannsaka skjölin, sem aðildarríkin leggja fram, og gera nauðsynlega úttekt til að meta kerfið. Að loknum þessum úttektum skal framkvæmdastjórnin, innan 90 daga frá því að henni berst beiðni um samþykki, leggja skýrslu fyrir fastanefndina um matvælaferli og heilbrigði dýra, ásamt drögum að viðeigandi ráðstöfunum.

3. Ef slátra á dýrum fyrir 12 mánaða aldur og hvorki eiga viðskipti með þau innan Bandalagsins né flytja þau út til þriðju landa getur lögbæra yfirvaldið þó heimilað að notuð sé auðkenningaradferðin, sem er lýst í lið A.7 í viðaukanum, í stað auðkenniskerkjanna sem um getur í 2. mgr.

4. Dýr, sem er flutt inn frá þriðja landi, hefur verið undir eftirlitinu, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/496/EBE, eftir 9. júlí 2005 og er áfram á yfirráðasvæði Bandalagsins skal auðkennt, í samræmi við 2. mgr., á viðtökubújörðinni, þar sem búfjárrækt fer fram, innan frests, sem viðkomandi aðildarríki ákveður og varir ekki lengur en í 14 daga frá eftirlitinu, og a.m.k. áður en það er flutt frá bújörðinni.

Ef upprunaleg auðkenning er frá þriðja landi skal hún færð í skrá bújarðarinnar, sem kveðið er á um í 5. gr., ásamt auðkenniskóðanum sem dýrinu var úthlutað í viðtöku-aðildarríkinu.

⁽¹⁾ Stjótt. EBL 46, 19.2.1991, bls. 19.

Þó er auðkenningin, sem kveðið er á um í 1. mgr., ekki nauðsynleg fyrir sláturdýr ef dýrið er flutt beint frá skoðunarstöð dýralæknis á landamærum í sláturhús í aðildarríki, þar sem eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein fer fram, og dýrinu er slátrað innan fimm virkra daga frá því að eftirlitið fer fram.

5. Öll dýr, sem eru upprunnin í öðru aðildarríki, skulu halda sínu upprunalega auðkennismerki.

6. Óheimilt er að fjarlægja eða skipta um auðkennismerki án leyfis lögbæra yfirvaldsins. Ef auðkennismerki verður ólæsilegt eða glatast skal sem allra fyrst setja nýtt merki á með sama kóða í samræmi við þessa grein. Á nýja merkinu má, auk kóðans, vera raðnúmer sem er frábrugðið kóðanum og sýnir hversu oft merkið hefur verið endurnýjað.

Lögbæra yfirvaldið getur þó heimilað, undir sinni stjórn, að nýja merkið beri annars konar kóða, svo fremi að það spilli ekki því markmiði að geta rakið feril dýrsins, einkum þegar um er að ræða dýr sem eru auðkennd í samræmi við 3. mgr.

7. Bújörðum skal úthlutað auðkennismerkjum og þeim dreift og þau sett á dýrin með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

8. Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni tilkynningu um fyrirmyndina að auðkennismerkinu og auðkenningaráðferðina sem er notuð á þeirra yfirráðasvæði.

9. Fram að þeim degi sem um getur í 3. mgr. 9. gr. skulu aðildarríki, sem hafa innleitt rafræna auðkenningu að eigin frumkvæði í samræmi við ákvæði í liðum A.4 og A.6 í viðaukanum, sjá til þess að rafræn auðkennisnúmer einstakra dýra og tæknilysingar á auðkennismerkinu, sem er notað, komi fram á viðeigandi vottorði, samkvæmt tilskipun 91/68/EBE, sem fylgir dýrum sem höfð eru viðskipti með innan Bandalagsins.

5. gr.

1. Allir umsjónarmenn dýra, að flutningsaðilum undanskildum, skulu halda uppfærða skrá sem inniheldur a.m.k. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í B-þætti viðaukans.

2. Aðildarríkin geta skyldað umsjónarmenn til að færa fleiri upplýsingar í skrána, sem um getur í 1. mgr., auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í B-þætti viðaukans.

3. Skráin skal vera með sniði sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, hún skal vera handfærð eða í tölvutæku formi og ætíð til reiðu á bújörðinni og fyrir lögbæra yfirvaldið, að beiðni þess, í lágmarkstíma sem lögbæra yfirvaldið ákveður en má ekki vera styttri en þrjú ár.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal upplýsingaskráin, sem krafist er samkvæmt B-þætti viðaukans, vera valkvæð í öllum aðildarríkjum þar sem rekinn er miðlægur tölvugagnagrunnur með þessum upplýsingum.

5. Hver umsjónarmaður skal veita lögbæra yfirvaldinu, að beiðni þess, allar upplýsingar um uppruna, auðkenni og, eftir því sem við á, viðtökustað dýra sem hann hefur átt, haldið, flutt, sett á markað eða slátrað síðustu þrjú ár.

6. Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni tilkynningu um fyrirmyndina að skráum bújarða, sem er notuð á yfirráðasvæði þeirra og, eftir atvikum, tilkynningu um undanþáguna frá ákvæðum 1. mgr. sem var veitt.

6. gr.

1. Frá og með 9. júlí 2005 gildir að í hvert sinn sem dýr er flutt á milli tveggja, aðskilinna bújarða á landssvæði aðildarríkis skal því fylgja flutningsskjal sem byggist á fyrirmynd, sem lögbæra yfirvaldið hefur ákveðið, og inniheldur a.m.k. lágmarksupplýsingar samkvæmt C-þætti viðaukans og skal umsjónarmaður dýrsins fylla það út hafi lögbæra yfirvaldið ekki þegar gert það.

2. Aðildarríkin geta fært frekari upplýsingar í flutningsskjalið, sem um getur í 1. mgr., auk upplýsinganna í C-þætti viðaukans.

3. Umsjónarmaður á viðtökubújörð skal geyma flutningsskjalið í lágmarkstíma sem lögbæra yfirvaldið ákveður en þó eigi skemur en í þrjú ár. Hann skal afhenda lögbæra yfirvaldinu afrit af henni að beiðni þess.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal flutningsskjalið vera valkvætt í öllum aðildarríkjum þar sem rekinn er miðlægur tölvugagnagrunnur með a.m.k. þeim upplýsingum sem er krafist samkvæmt B-þætti viðaukans, að undanskilinni undirskrift umsjónarmanns.

5. Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni tilkynningu um fyrirmyndina að flutningsskjalinu, sem er notuð á yfirráðasvæði þeirra, og, eftir atvikum, tilkynningu um undanþáguna sem um getur í 4. mgr.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið haldi miðlæga skrá yfir allar bújarðir sem tengjast umsjónarmönnum á yfirráðasvæðum þeirra, að flutningsaðilum undanskildum.

2. Í skránni skal vera auðkenniskóði bújarðarinnar eða, með leyfi lögbæra yfirvaldsins, umsjónarmannsins, að flutningsaðilum undanskildum, starfsgrein umsjónarmannsins, tegund framleiðslu (kjöt eða mjólk) og tegundir dýra sem eru haldin þar. Ef umsjónarmaður heldur dýr til frambúðar skal hann, með reglulegu millibili sem lögbæra yfirvaldið ákveður en aldrei sjaldnar en árlega, gera talningu á dýrunum sem hann heldur.

3. Búsjörð skal vera áfram í miðlægu skránni í þrjú ár eftir að dýrahald er lagt niður á búsjörðinni. Frá og með 9. júlí 2005 skal skráin færð í tölvugagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 8. gr.

8. gr.

1. Frá og með 9. júlí 2005 skal lögbæra yfirvaldið í hverju aðildarríki koma á fót tölvugagnagrunni í samræmi við lið D.1 í viðaukanum.

2. Hver umsjónarmaður, að flutningsaðilum undanskildum, skal, innan þrjátíu daga að því er varðar upplýsingar sem tengjast umsjónarmanni eða búsjörðinni og innan sjö daga að því er varðar upplýsingar sem tengjast flutningi á dýrum, afhenda lögbæra yfirvaldinu:

- a) upplýsingarnar, sem á að færa í miðlægu skrána, niðurstöður talningarinnar, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., og upplýsingarnar sem þarf til að setja upp gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr.,
- b) í aðildarríkjum, sem veita undanþáguna sem um getur í 4. mgr. 6. gr., í hvert sinn sem dýr er flutt, sundurlíðun eins og fram kemur í flutningsskjalinu sem um getur í 6. gr.

3. Lögbæra yfirvaldið í hverju aðildarríki getur, óski það þess, komið á fót tölvugagnagrunni sem inniheldur a.m.k. upplýsingar sem tilgreindar eru í lið D.2. í viðaukanum.

4. Aðildarríkin geta fært fleiri upplýsingar í tölvugagnagrunninn sem um getur í 1. og 3. mgr., auk upplýsinga sem tilgreindar eru í liðum D.1 og D.2 í viðaukanum.

5. Frá og með 1. janúar 2008 skal gagnagrunnurinn, sem um getur í 3. mgr., vera skyldubundinn.

9. gr.

1. Viðmiðunarreglur og aðferðir við framkvæmd rafrænnar auðkenningar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

2. Samþykkinga skal ákvarðanirnar, sem um getur í 1. mgr., til að bæta framkvæmd almennrar, rafrænnar auðkenningar.

3. Frá og með 1. janúar 2008 er rafræn auðkenning, í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 1. mgr. og í samræmi við viðeigandi ákvæði í A-þætti viðaukans, skyldubundin fyrir öll dýr.

Þó er aðildarríkjum, þar sem heildarfjöldi sauðfjár og geita er 600 000 eða þar undir, heimilt að hafa slíka rafræna auðkenningu valkvæða fyrir dýr sem ekki eru stunduð viðskipti með innan Bandalagsins. Í aðildarríkjum, þar sem heildarfjöldi geita er 160 000 eða þar undir, er einnig heimilt að hafa slíka rafræna auðkenningu valkvæða fyrir geitur sem ekki eru stunduð viðskipti með innan Bandalagsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2006, leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd rafræna auðkenningarkerfisins ásamt viðeigandi tillögum sem ráðið skal taka ákvörðun um með auknum meirihluta og varða staðfestingu eða breytingu, ef þörf krefur, á dagsetningunni, sem um getur í 3. mgr., og uppfærslu, ef þörf krefur, tækniatriða sem tengjast framkvæmd rafrænnar auðkenningar.

10. gr.

1. Breytingar á viðaukunum og nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessarar reglugerðar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

Einkum er um að ræða ráðstafanir er varða:

- a) tilskilið lágmarkseftirlit sem skal fara fram,
- b) beitingu stjórnsýsluviðurlaga,
- c) nauðsynleg bráðabirgðaákvæði á byrjunartíma kerfisins.

2. Heimilt er að uppfæra eftirfarandi atriði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.:

- a) fresti til að veita upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr.,
- b) viðmiðunarmörkin fyrir stofnstærð búfjár sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 3. mgr. 9. gr.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni upplýsingar um hvaða lögbæra yfirvald skuli tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir sem bera ábyrgð á auðkenningu og skráningu dýra hafi fengið fyrirmæli og leiðbeiningar um viðeigandi ákvæði viðaukans og að viðeigandi námskeið séu í boði.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Eftirlitið, sem kveðið er á um, skal ekki hafa áhrif á annað eftirlit sem framkvæmdastjórnin getur framkvæmt skv. 9. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95.

2. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

3. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni skulu, ásamt lögbærum yfirvöldum:

- fullvissa sig um að aðildarríkin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð,
- ef þörf krefur, framkvæma eftirlit á vettvangi til að tryggja að eftirlitið, sem kveðið er á um skv. 1. mgr., fari fram í samræmi við þessa reglugerð.

4. Fari eftirlit á vettvangi fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið veita sérfræðingum frá framkvæmdastjórninni alla þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að leysa af hendi verkefni sín.

Ræða skal niðurstöður eftirlitsins við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki áður en samin er lokaskýrsla og henni dreift.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða málið innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., telji hún að niðurstöður eftirlitsins gefi tilefni til þess. Hún getur samþykkt nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með framvindu málsins. Með hliðsjón af framvindunni og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr. getur hún breytt þeim ákvörðunum, sem um getur í 5. mgr., eða felld þær úr gildi.

7. Ef þörf krefur skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

14. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1782/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Vegna hugsanlegrar beitingar ákvæða 67., 68., 69., 70. og 71. gr. skal í samþætta kerfinu vera kerfi fyrir auðkenningu og skráningu dýra sem annars vegar er komið á fót í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða (*) og hins vegar í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita (**).“

(*) Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

2. Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 25. gr.:

„Þessi kerfi, og einkum kerfið fyrir auðkenningu og skráningu dýra, sem komið var á fót í samræmi við tilskipun 92/102/EBE, reglugerð (EB) nr. 1760/2000 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003, skulu vera samhæfð, í merkingu 26. gr. þessarar reglugerðar, samþætta kerfinu.“

3. Í stað 2. mgr. 115. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 öðlast gildi er einungis hægt að fá styrk fyrir dýr ef þau eru auðkennd og skráð í samræmi við þessar reglur.“

4. eftirfarandi liður 8a bætist við A-þátt III. viðauka:

| | | |
|------|---|-------------------|
| „8a. | Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8). | 3., 4. og 5. gr.“ |
|------|---|-------------------|

15. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 92/102/EBE:

1. Í stað a-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) dýr: öll dýr af tegundunum sem um getur í tilskipun 64/432/EBE (*), að nautgripum undanskildum;“

(*) Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.“

2. Í stað 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkjunum er heimilt samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr. tilskipunar 90/425/EBE að fella úr skránni, sem um getur í a-lið 1. mgr., einstaklinga sem eru með eitt svín enda sé það einungis ætlað til eigin nota eða neyslu eða, svo að tekið sé mið af sérstökum aðstæðum, að því tilskildu að slíkt dýr gangist undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun áður en það er flutt.“

3. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) a-lið 1. mgr. er breytt sem hér segir:
- í 1. undirgrein falli orðin „nautgripa eða“ brott,
 - í annarri undirgrein komi orðin „um flutninga“ í stað „um allar fæðingar, dauðsföll og flutninga“,
 - fjórða undirgrein falli brott,
- b) b-liður 1. mgr. falli brott,
- c) í stað fyrstu undirgreinar b-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„umsjónarmaður dýra, sem á að flytja til eða frá markaði eða söfnunarstöð, afhendi stjórnanda á markaðinum eða í söfnunarstöðinni, sem tímabundið er umsjónarmaður dýranna, skjal með nánari upplýsingum um viðkomandi dýr.“

4. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

- a) öll 2. mgr. falli niður,
- b) 3. mgr. er breytt sem hér segir:
- í 1. undirgrein komi orðið „dýr“ í stað orðanna „önnur dýr en nautgrip“,
 - í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin geta, þar til ákvörðun verður tekin skv. 10. gr. þessarar tilskipunar og þrátt fyrir aðra undirgrein c-liðar 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 90/425/EBE, notast við eigið fyrirkomulag til flutninga á öllum dýrum á yfirráðasvæðum

sínum. Fyrirkomulagið verður að vera þannig að hægt sé að bera kennsl á bújörðina sem þau koma frá og bújörðina þar sem þau fæddust. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirkomulagið fyrir svín sem þau hyggjast taka upp í þessu skyni frá 1. júlí 1993. Í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. tilskipunar 90/425/EBE er hægt að fara fram á það við aðildarríki að það geri breytingar á fyrirkomulagi sínu ef það uppfyllir ekki framangreindar kröfur.“

— fjórða undirgrein falli brott,

c) öll 4. mgr. falli brott.

5. Fyrsti og þriðji undirliður 1. mgr. 11. gr. falli brott.

16. gr.

Í stað d-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/432/EBE komi eftirfarandi:

„d) auðkennd í samræmi við ákvæði tilskipunar 92/102/EBE, að því er svín varðar, og í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 að því er nautgripa varðar.“

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda 9. júlí 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

VIDAUKI

A. Auðkennismerki

1. Eyrnamerki skulu sett þannig á að þau sjáist vel úr fjarlægð.
2. Eftirfarandi rittákn skulu vera á eyrnamerkjum og öðrum auðkennismerkjum:
 - Fyrstu tvö rittáknin tilgreina aðildarríkið með bújörðinni þar sem dýrið var fyrst auðkennt. Til þess skal nota landskóða sem er tveir bókstafir eða þrír tölustafir ⁽¹⁾ í samræmi við ISO-3166.
 - Á eftir landskóðanum kemur einstaklingsbundinn kóði sem er í mesta lagi 13 tölustafir.

Auk upplýsinganna, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum heimilað notkun strikamerkis og að umsjónarmaður bæti við frekari upplýsingum, svo fremi að ekki verði erfiðara að lesa auðkennisnúmerið fyrir vikið.
3. Fyrsta auðkennismerkið, sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., skal vera eyrnamerki sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt og er sett á annað eyrað, það skal vera úr efni, sem brotnar ekki niður, ekki má vera hægt að fálta það, það skal vera auðlæsilegt svo lengi sem dýrið lifir og þannig hannað að það haldist á dýrinu án þess að skaða það. Ekki má vera hægt að nota eyrnamerkið aftur né afmá áletranirnar sem kveðið er á um í 3. lið.
4. Annað auðkennismerkið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr., má vera:
 - eyrnamerki eftir sömu tæknilyngingu og í 3. lið
eða
 - húðflúr nema um sé að ræða dýr sem verslað er með innan Bandalagsins
eða
 - þetta gildir eingöngu um geitur, mark á kjúku
eða
 - merkissvari í samræmi við tæknilynguna í 6. lið.
5. Samkvæmt kerfinu, sem um getur í c-lið 2. mgr. 4. gr., skal auðkenna dýr, bæði eftir bújörð og fyrir hvert einstakt dýr, kveðið er á um endurnýjunarferli undir stjórn lögbæra yfirvaldsins þegar auðkennismerki verður ólæsilegt eða glatast, án þess að endurnýjunarferlið spilli rekjanleika milli bújarða, og er tilgangurinn að koma í veg fyrir útbreiðslu dýrafarsóttu og einnig, í sama tilgangi, að gera kleift að rekja flutninga á dýrum innan yfirráðasvæðis viðkomandi lands.
6. Rafræna kennimerkið skal vera í samræmi við eftirfarandi tæknilyngingar:
 - hlutlaus merkissvari sem er eingöngu með lesminni, er byggður á HDX- eða FDX-B-tækni og uppfyllir ISO-staðlana 11784 og 11785,
 - rafræn kennimerki skal vera unnt að lesa með aflestrartækjum sem uppfylla ISO-staðalinn 11785 og geta lesið af HDX- og FDX-B-merkissvörum,
 - lesfjarlægð fyrir færanleg aflestrartæki skal vera a.m.k. 12 sm fyrir eyrnamerki og a.m.k. 20 sm fyrir vambarstauta (ruminal boluses) en a.m.k. 50 sm fyrir bæði eyrnamerki og vambarstauta ef aflestrartækið er kyrrstætt.

| | | |
|---------------------------|----|------|
| ⁽¹⁾ Austurríki | AT | 040 |
| Belgía: | BE | 056 |
| Danmörk | DK | 208 |
| Finnland | FI | 246 |
| Frakkland | FR | 250 |
| Þýskaland | DE | 276 |
| Grikkland: | EL | 300 |
| Írland | IE | 372 |
| Ítalía | IT | 380 |
| Lúxemborg | LU | 442 |
| Holland | NL | 528 |
| Portúgal | PT | 620 |
| Spánn | ES | 724 |
| Svíþjóð | SE | 752 |
| Breska konungsríkið | UK | 826. |

7. Auðkenningaráðferðin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er sem hér segir:

- Dýrin eru auðkennd með eyrnamerki sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt og er sett á annað eyrað.
- Eyrnamerkið skal vera úr efni, sem brotnar ekki niður, ekki má vera hægt að falska það, það skal vera auðlæsilegt og þannig hannað að það haldist á dýrinu án þess að skaða það. Ekki má vera hægt að nota eyrnamerkið aftur og á því mega aðeins vera áletranir sem ekki er hægt að afmá.
- Á eyrnamerkinu skal a.m.k. vera tveggja stafa landskóði og auðkenniskóði fæðingarbújarðar.

Aðildarríki, sem nota þessa aðferð, skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan vébanda nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 13. gr. Ef dýr, sem eru auðkennd í samræmi við þennan lið, eru haldin lengur en til tólf mánaða aldurs eða ef ætlunin er að versla með þau innan Bandalagsins eða flytja þau út til þriðju landa skulu þau auðkennd í samræmi við 1. til 4. lið.

B. Skrá bújarðar

Í skrá bújarðar skal a.m.k. færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Frá 9. júlí 2005:

- auðkenniskóða bújarðarinnar,
- heimilisfang bújarðar og landhnit eða aðrar jafngildar upplýsingar um landfræðilega staðsetningu bújarðarinnar,
- tegund framleiðslu,
- niðurstöður síðustu talningar, sem um getur í 7. gr., og talningardag,
- nafn og heimilisfang umsjónarmanns,
- þegar um er að ræða dýr sem eru flutt brott af bújörðinni, nafn flutningsaðila, skráningarnúmer þess hluta flutningatækisins sem dýrin eru flutt í, auðkenniskóða eða heiti og heimilisfang viðtökubújarðar eða, þegar dýrin eru flutt í sláturhús, auðkenniskóða eða heiti sláturhúss og brottfarardag eða tvírit eða vottað afrit af flutningsskjalinu sem um getur í 6. gr.,
- þegar um er að ræða dýr sem tekið er við á bújörðinni, auðkenniskóða bújarðarinnar sem dýrið var flutt frá og komudagur,
- upplýsingar um endurnýjun merkja eða rafeindabúnaðar.

2. Frá og með þeim degi sem er ákveðinn skv. 3. mgr. 9. gr., fyrir hvert dýr sem er fætt eftir þann dag, eftirfarandi, uppfærðar upplýsingar:

- auðkenniskóða dýrsins,
- fæðingardag og auðkenningardag,
- dánarmánuð og -ár dýrsins á bújörðinni,
- kyn og, ef það er vitað, arfgerð.

Ef dýrin eru auðkennd í samræmi við 7. lið í A-þætti skal gefa upplýsingarnar, sem um getur í 2. lið þess þáttar, fyrir hvern hóp dýra með sama auðkenni og skal einnig tilgreina fjölda dýranna.

3. Nafn og undirskrift fulltrúa lögbæra yfirvaldsins sem skoðaði skrána og dagsetning skoðunar.

C. Flutningsskjal

1. Umsjónarmaður skal fylla flutningsskjalið út eftir fyrirmynd sem lögbæra yfirvaldið hefur ákveðið og skulu þar a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- auðkenniskóði bújarðarinnar,
- nafn og heimilisfang umsjónarmanns,
- heildarfjöldi dýranna sem eru flutt,
- auðkenniskóði viðtökubújarðar eða næsta umsjónarmanns dýranna eða, ef dýrin eru flutt í sláturhús, auðkenniskóði eða heiti og staðsetning sláturhúss eða, ef um er að ræða árstíðabundin skipti á bithögum, viðtökustaður,
- upplýsingar um flutningatæki og flutningsaðila, þ.m.t. leyfisnúmer flutningsaðila,
- brottfarardagur,
- undirskrift umsjónarmanns.

2. Frá og með þeim degi, sem er ákveðinn skv. 3. mgr. 9. gr., skal flutningsskjalið, þegar um er að ræða dýr sem eru auðkennd í samræmi við 1. til 6. lið A-þáttar, innihalda einstaklingsbundinn auðkenniskóða fyrir hvert dýr auk upplýsinganna í 1. mgr. hér að framan.

D. Tölvugagnagrunnur

1. Í tölvugagnagrunninum skulu a.m.k. vera eftirfarandi upplýsingar um hverja bújörð:
 - auðkenniskóði bújarðarinnar,
 - heimilisfang bújarðar og landhnit eða aðrar jafngildar upplýsingar um landfræðilega staðsetningu bújarðarinnar,
 - nafn, heimilisfang og starfsgrein umsjónarmanns,
 - tegundir dýra,
 - tegund framleiðslu,
 - niðurstöður dýratalningarinnar, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., og talningardagur,
 - sérstakt svæði fyrir lögbæra yfirvaldið þar sem það getur fært inn upplýsingar er varða dýraheilbrigði, s.s. takmarkanir á flutningi, viðurkenningu eða aðrar viðeigandi upplýsingar innan ramma áætlana Bandalagsins eða innlendra áætlana.
2. Í samræmi við 8. gr. skal vera sérstök færsla í gagnagrunninum fyrir alla flutninga á dýrum. Í færslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:
 - fjöldi dýranna sem eru flutt,
 - brottfararþújörð,
 - brottfarardagur,
 - auðkenniskóði viðtökubújarðar,
 - viðtökudagur.